

Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
b.t. Lilju Grétarsdóttur
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. júlí 2018
Tilvísun: 2018070350/10.3

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um nýtt deiliskipulag fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4

Vísað er til bréfs skrifstofu skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2018 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) vegna hugsanlegrar mengunar í jarðvegi, nýrra ofanvatnslausna og fráveitu í nýju deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4.

HER gaf umsögn um fyrir svæðið til umsagnar 8. mars 2017 og benti þar á að á svæðinu hefur verið iðnaðar- og athafnastarfsemi í fleiri áratugi og kanna þarf hvort mengun í jarðvegi sé á svæðinu. Slík könnun þarf að fara fram áður en lóðum er úthlutað og framkvæmdir hefjast. Að mati HER þarf að gera ráð fyrir því í skilmálum að fjarlægja þurfi mengaðan jarðveg og koma honum til förgunar eftir viðurkenndum leiðum.

HER ítrekar einnig frá fyrri umsögn að þess þarf að gæta að taka mið af nýjustu rannsóknum á áhrifum loftlagsbreytinga við við gerð skipulagsinsvið gerð skipulagsins. Gera má ráð fyrir því að hækkandi sjávarstaða hafi mikil áhrif á landfyllingarsvæðum og því þarf að gera grein fyrir atriðum eins og flóðahættu og auknu álagi á fyllinguna sem gæti fylgt þeim breytingum. Aðeins hluti svæðisins verður á landfyllingu en áhrifa lofslagsbreytinga getur gætt víðar á skipulagssvæðinu.

HER hefur farið yfir gögn varðandi blágrænar ofanvatnslausnir og fráveitu á svæðinu og gerir ekki athugasemdir við þann þátt skipulagsins.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi